
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2009-07
Fundartími:	Þriðjudagur 6. október 2009 kl. 14:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Fyrstu áhrif efnahagssamdráttar á raforkunotkun. 3) Raforkunotkun á 3. ársfjórðungi. 4) Verkefni ársins 2010. 5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Íris Baldursdóttir Ívar Þorsteinsson Pétur E. Þórðarson Gunnar Aðalsteinsson Sigurður Ágústsson
EFLA:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Agnar Árnason Ásgeir Sigtryggsson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) Farið var yfir minnisblað sem JV hafði sent fundarmönnum eftir síðasta fund um þróun raforkunotkunar á þessu ári. Bent var á að nota frekar breytingu en aukning í texta mynda þar sem bæði er um minnkun og aukningu að ræða. Ákveðið var að uppfæra minnisblaðið út frá tölum um þriðja ársfjórðung.
- 3) JV fór yfir raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins og sýndi töflur. Hann sagði að ekki væru komin alveg öll gögn svo tölur um 3ja ársfjórðung eru bráðabirgðatölur en það er þó einungis smáræði sem vantar. Raforkuvinnslan hefur aukist um 3,2% frá sama tíma árið 2008 en flutningstöp hafa minnkað um 10,6%. Stórnotkun hefur aukist um 5,5% en almenn notkun minnkað um 3,0%. Ótryggð orka hefur minnkað um 2,0% á meðan forgangsorkan minnkaði um 3,1%. Ótryggð orka eykst á þriðja ársfjórðungi og benti PEP á að góða veiði var úr Norsk-íslenska síldarstofninum í sumar auk veiði á makríl. Notkun forgangsorku minnkar minna á 3ja ársfjórðungi en þeim tveim fyrstu og er líklegt að það

sé vegna þess að Íslendingar fóru mun minna erlendis en undanfarin ár en ferðuðust í staðin um landið. Eftir hitastigsleiðréttingu er minnkun forgangsorku á fyrstu níu mánuðum ársins 2,6%.

- 4) JV fór yfir áætlun fyrir næsta ár þar sem miðað var við að raforkuspáin yrði endurskoðuð frá grunni. Tímafjöldi vex úr 940 tímum á þessu ári í 1080 tíma og sagði JV að þetta væri algjör lágmarkstímafjöldi við að endurskoða spána. JV benti á að vinna við úrvinnslu aflgagna hefði verið lækkuð um 100 tíma þar sem þær breytingar sem gerðar hafa verið á undanförunum árum séu nú að skila sér í hagkvæmari vinnu við úrvinnslu þessara gagna. Miðað er við sömu upphæð og á þessu ári eða 11 Mkr. Tímagjald hefur ekkert hækkað á þessu ári og ólíklegt er að það hækki á næstunni. PEP taldi mikilvægt að endurskoða spána núna þar sem miklar breytingar væru framundan ekki bara vegna bankahruns heldur einnig vegna tækniþróunar og nefndi rafmagnsbíla, sparperur og ljósdíóður. Aðrir fundarmenn tóku undir þetta. Íris nefndi að aukin vinna vegna endurskoðunar væri 240 tímar og á móti því kæmi 100 tíma minnkun í úrvinnslu aflgagna. Hún sagði að þessi tímasetning endurskoðunar hentaði Landsneti vel þar sem þau ætla að taka saman nýja langtímaáætlun hjá sér árið 2011. ÍP og Íris sögðust mundu leggja þessa áætlun fyrir yfirstjórn Orkustofnunar og Landsnets.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:50. Næsti fundur ákveðinn 3. nóvember 2009.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

- Minnisblað. Fyrstu áhrif efnahagssamdráttar á raforkunotkun.

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Töflur um raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins.
- Glærur: Fyrstu áhrif efnahagssamdráttarins á raforkunotkun.
- Vinna fyrir raforkuhóp orkuspárnefndar 2010. Verkefnishandbók. Útgáfa 0.1

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
JV	Uppfæra minnisblað um breytingar á raforkunotkun.
ÍP, Íris	Samþykki fyrir áætlun næsta árs